

**BHM-5 Félagsmálastjóri (829 stig)**

***Þroskþjálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands og Fræðagarður***

*Gerð er krafa um að starfsmaður sé með meistaraáráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri. Starfið felur í sér faglega og rekstrarlega ábyrgð á félagsþjónustu sveitarfélags. Starfsmaður hefur yfirumsjón með málaflöknum og felur það í sér mikil bein áhrif á velferð einstaklinga og/eða hópa auk mannaforráða og ábyrgðar á fjármunum. Starfsmaður ber ábyrgð á stefnumótun í málaflöknum. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.*

**BHM-10 Deildarstjóri 1 – í félagsþjónustu, málefnum aldraðra, fatlaðra eða barnavernd (803 stig)**

***Fræðagarður, Þroskþjálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands og Sálfræðiningafélag Íslands***

*Gerð er krafa um að starfsmaður hafi framhaldsmenntun á háskólastigi auk viðamikillar stjórnunarreynslu og/eða viðbótarnáms í stjórnun og rekstri. Starfið felur í sér stjórnun deildar/málaflökks og felur það í sér mannaforráð, ábyrgð á fjármunum og þjónustu sveitarfélags. Starfið felur í sér mjög mikil bein áhrif á velferð einstaklinga og/eða hópa innan sveitarfélags og aðkomu að stefnumótun í velferðarmálum. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.*

**BHM-15 Umsjónarfélagsráðgjafi (774 stig)**

***Félagsráðgjafafélag Íslands***

*Gerð er krafa um að starfsmaður hafi starfsréttindi í félagsráðgjöf og viðamikla stjórnunar og/eða rekstrarreynslu, ásamt reynslu af barnaverndar-, framfærslumálum og félagslegri ráðgjöf. Starfið felur í sér umsjón og ábyrgð á verkefnum tengdum félagsþjónustu, mannaforráð, einhverri ábyrgð á fjármunum ásamt mikilli ábyrgð á velliðan og velferð einstaklinga og/eða hópa. Starfsmaður hefur aðkomu að stefnumótun í velferðarmálum. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.*

**BHM-21 Forstöðumaður 1 í búsetu- eða dagþjónustu (730 stig)**

***Félag íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarður, Iðjuþjálfafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands og Félagsráðgjafafélag Íslands***

*Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og/eða félagsvísinda auk framhaldsmenntunar á háskólastigi eða viðtækrar stjórnunarreynslu. Starfið felur í sér yfirumsjón með búsetu- eða dagþjónustu, ábyrgð á fjármunum og mannaforráð. Starfinu fylgir ábyrgð á velferð fólks vegna þeirrar þjónustu sem veit er. Starfsmaður kemur að stefnumótun sem varðar velferðarúrræði sveitarfélagsins. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.*

**BHM-33 Yfirfélagsráðgjafi (727 stig)**

***Félagsráðgjafafélag Íslands***

*Gerð er krafa um að starfsmaður hafi starfsréttindi í félagsráðgjöf. Starfið felur í sér yfirumsjón með málaflökki t.d. málefnum fatlaðra eða aldraðra. Starfsmaður greinir og metur aðstæður og finnur lausnir/úrræði sem henta notendum þjónustunnar. Starfsmaður er með viðvarandi verkefnastjórnun og ber ábyrgð á fjármunum. Starfsmaður hefur umboð til ákvarðanatöku um skipulag þjónustunnar og stefnumótun innan viðkomandi málaflökks. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.*

**BHM-42 Verkefnastjóri með sértæka ábyrgð – í virkni og/eða velferðarúrræðum (681 stig)**

**Fræðagarður, Félagsráðgjafafélag Íslands, Félag íslenskra félagsvísindamanna og Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi framhaldsháskólapróf á heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísindasviði. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, og verkefni sem tengjast ráðgjöf, greiningu og meðferð einstaklinga og/eða hópa í virkni- og/eða velferðarúrræðum. Starfsmaður ber ábyrgð á að meta þjónustuhörf og skipuleggja velferðarúrræði sem hafa áhrif á vellíðan og velferð einstaklinga eða hópa. Einnig hefur starfsmaður aðkomu að stefnumótun innan málaflokksins.

**BHM-42 Verkefnastjóri með sértæka ábyrgð – í menntamálum (681 stig)**

**Fræðagarður, Félagsráðgjafafélag Íslands og Félag íslenskra Félagsvísindamanna**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi framhaldsháskólapróf á heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísindasviði. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, og verkefni sem tengjast ráðgjöf, greiningu og meðferð einstaklinga og/eða hópa í skólakerfinu. Starfsmaður ber ábyrgð á að meta þjónustuhörf og skipuleggja velferðarúrræði sem hafa áhrif á vellíðan og velferð einstaklinga eða hópa. Einnig hefur starfsmaður aðkomu að stefnumótun innan málaflokksins.

**BHM-58 Félagsráðgjafi 3 (685 stig)**

**Félagsráðgjafafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi starfsréttindi í félagsráðgjöf. Starfið felur í sér vinnslu barnaverndarmála ásamt flóknum fjölskyldumálum. Starfsmaður greinir og metur flóknar þarfir skjólstæðinga, skipuleggur þjónustuna og samhæfir. Hann ber ábyrgð á að samþykkja úrræði sem fela í sér umtalsverð fjárútlát fyrir sveitarfélag s.s. fjárhagsstuðning, húsaleigubætur o.fl. Starfið felur í sér talsverða beina ábyrgð á málstjórn, leiðsögn, samræmingu og þjálfun annarra starfsmanna, auk þess að sjá um úthlutun verkefna til verkataka og eftirliti með vinnu þeirra. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-59 Félagsráðgjafi 2 (675 stig)**

**Félagsráðgjafafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi starfsréttindi í félagsráðgjöf. Starfið felur í sér vinnu með mál notenda þjónustu sem eru í viðkvæmri stöðu. Starfsmaður veitir ráðgjöf, greinir og metur flóknar þarfir skjólstæðinga, skipuleggur þjónustuna og samhæfir. Hann ber ábyrgð á að samþykkja úrræði sem fela í sér umtalsverð fjárútlát fyrir sveitarfélag s.s. fjárhagsstuðning, húsaleigubætur o.fl. Starfinu fylgir mikil bein ábyrgð á velferð fólks og ábyrgð á upplýsingum. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-80 Forstöðumaður í velferð (691 stig)**

**Iðjubjálfafélag Íslands og Félagsráðgjafafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi framhaldsmenntun á háskólastig í félagsvísindum eða háskólamenntun á fyrsta stigi í félagsvísindum auk viðamikillar stjórnunarreynslu á viðkomandi sérfræðisviði. Starfið felur í sér ábyrgð daglegum rekstri, stjórnun og mannaforráðum í starfseiningu innan velferðarsviðs sveitarfélagsins. Starfsmaður veitir notendum þjónustu ráðgjöf og hefur áhrif á þau velferðarúrræði sem valinu eru fyrir þá og ber ábyrgð á velferð fólks vegna þeirrar þjónustu sem veitt er. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-85 Ráðgjafi í málefnum fatlaðs fólks (688 stig)**

***Þroskaþjálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands og Starfsmannafélag Kópavogs***

*Gerð er krafa um að starfsmaður hafi starfsréttindi í þroskaþjálfun auk mikillar starfs og stjórnunarreynslu eða starfsréttindi í félagsráðgjöf. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, ábyrgð á fjölskyldu- eða einstaklingsmálum og starfsmaður er tengiliður við forstöðumenn starfstöðva. Starfsmaður annast móttöku og úrvinnslu umsókna um þjónustu og metur þjónustubörf. Starfsmaður tekur þátt í stefnumótun, þróun, og nýsköpun í málaflöknum. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.*

**BHM-90 Yfirfélagsráðgjafi í barnavernd (737 stig)**

***Félagsráðgjafafélag Íslands***

*Gerð er krafa um að starfsmaður hafi starfsréttindi í félagsráðgjöf. Starfið felur í sér ábyrgð á verkefnum sem tengjast ráðgjöf, greiningum og handleiðslu til barna og forráðamanna þeirra. Starfsmaður ber ábyrgð á að greina og meta þjónustubörf, veita ráðgjöf um viðeigandi þjónustu og finna lausnir/úrræði sem henta hverjum notanda. Starfsmaður hefur áhrif á vellíðan og velferð einstaklinga vegna þeirrar þjónustu sem veitt er og vinnur að stefnumótun innan málaflöksins. Starfinu fylgir verkstjórn og ábyrgð á fjármunum. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.*

**BHM-91 Félagsráðgjafi í barnavernd (698 stig)**

***Félagsráðgjafafélag Íslands***

*Gerð er krafa um starfsréttindi í félagsráðgjöf. Starfsmaður ber ábyrgð á vinnslu barnaverndarmála. Starfsmaður greinir og metur flóknar þarfir skjólstæðinga, skipuleggur þjónustuna og samhæfir hana. Starfið felur í sér talsverða beina ábyrgð á málastjórn, leiðsögn, samræmingu og þjálfun til annarra starfsmanna.*

**BHM-96 Skólafélagsráðgjafi**

**688 stig**

***Félagsráðgjafafélag Íslands***

*Gerð er krafa um starfsréttindi í félagsráðgjöf. Starfsmaður ber ábyrgð á vinnslu á flóknum málum nemenda sem snerta bæði þá og þeirra fjölskyldur. Starfsmaður greinir og metur flóknar þarfir skjólstæðinga, skipuleggur þjónustuna og samhæfir hana. Starfið felur í sér talsverða beina ábyrgð á málastjórn, leiðsögn, samræmingu og þjálfun til annarra starfsmanna skólans.*